

Þriðjudaginn 30. október 1984.

Nr. 66/1984. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissasóknari)

gegn

**Jóni Eggertssyni**

(Jón Oddsson hrl.)

Sýknað af ákæru fyrir brot á reglum um veiði göngusilungs. Stjórn-sýsla.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Gunnlaugur Briem yfirsakadómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 27. mars 1984. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Ágrip barst Hæstarétti 25. apríl 1984.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu, en til vara lækkunar refsingar.

Í máli þessu er ákærði sóttur til saka fyrir að hafa „stundað silungsveiði í lagnet í sjó við sker norður af Litlu-Brákarey í Borgarнесi“ frá 6. - 9. júlí 1982, eins og nánar segir í ákæru. Er atferli ákærða talið varða við reglur nr. 454/1980 um veiði göngusilungs í lagnet í sjó í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sbr. 6. mgr. 14. gr., sbr. c lið 1. mgr. 97. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Í 6. mgr. 14. gr laga nr. 76/1970 er kveðið svo á, að ráðherra sé heimilt að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma, „enda æski veiðinotendur eða veiðifélag slíkrar friðunar og sýslunefnd mæli með henni eða bæjarstjórn, ef veiði er fyrir bæjarlandi.“ Með reglum nr. 178/1977 var takmörkuð „veiði göngusilungs í lagnet í sjó í Mýra og Borgarfjarðarsýslu.“ Þessar reglur setti landbúnaðarráðherra að fengnum meðmælum veiðifélags Hvítár og veiðifélags Borgarfjarðar og sýslunefnda Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu.

Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu reit landbúnaðarráðuneytinu bréf hinn 3. júlí 1980. Í því greinir frá því, að embætti ríkissaksóknara hafi ekki talið unnt að byggja ákæru á reglum nr.

178/1977, með því að í þeim sé ekki vitnað til þess lagaákvæðis, sem þær styðjast við, og í þær skorti refsíákvæði eða vitnun til þess. Bréfinu lýkur með þessum orðum: „Þess er nú óskað, að ráðuneytið endurskoði reglurnar og gefi þær út á ný með viðeigandi breytingum, svo að þær öðlist fullt lagagildi.“ Landbúnaðarráðherra setti að svo vöxnu reglur um þetta efni hinn 24. júlí 1980 nr. 454, og voru þær birtar hinn 9. september s.á. Eru þær sama efnis og reglur nr. 178/1977 að öðru leyti en því, að í þeim er vísað til IV. kafla laga nr. 76/1970 að því er lagastöð varðar og um viðurlög til XVI. kafla sömu laga. Sýnt þykir, að reglum nr. 454/1980 sé ætlað að leysa reglur nr. 178/1977 af hólmi, þótt þær séu eigi afnumdar berum orðum með reglum nr. 454/1980.

Þegar reglur nr. 454/1980 voru settar, var eigi til að dreifa meðmælum sýslunefnda Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu með setningu þeirra, en sýslunefndirnar mæltu með þeim í ályktunum sínum 8. og 10. júní 1982 og segir í þeim, að sýslunefndirnar telji reglur þessar „efnislega vera í fullu samræmi við fyrri samþykktir sínar um það efni.“ Eigi er sýnilegt af gögnum máls, að leitað hafi verið umsagnar veiðifélaga, er í hlut áttu, um setningu reglna nr. 454/1980. Samkvæmt því, sem nú var rakið, lágu eigi fyrir meðmæli sýslunefndanna tveggja og fyrrgreindra veiðifélaga á þeim tíma, er reglur nr. 454/1980 voru settar, svo sem 6. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 áskilur berum orðum. Þykir þetta valda því, að reglur þessar séu ekki löggildur refsigrundvöllur, og koma eftirfarandi meðmæli sýslunefndanna eigi að haldi í því efni. Refsiheimild sú, sem ákærvald reisir ákæru á, er skv. þessu eigi viðhlítandi að lögum, og ber að sýkna ákærða af öllum kröfum ákærvaldsins í málinu.

Samkvæmt þessum úrslitum máls ber að leggja allan kostnað af rekstri máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnaralaun skipaðra verjenda ákærða í héraði með þeirri fjárhæð, sem greinir í héraðsdómi, og svo málsvarnarlaun skipaðs verjenda ákærða í Hæstarétti, 10.000.00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Eggertsson, á að vera sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af rekstri málsins í héraði og fyrir Hæstarétti á að greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærða í héraði með þeirri fjárhæð, er greinir í héraðsdómi, og svo málsvarnarlaun skipaðs verjenda ákærða í Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns 10.000.00 krónur.

### **Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 16. febrúar 1984.**

Ár 1984, fimmtudaginn 16. febrúar, var á dómþingi sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem haldið var að Bjarnarbraut 12 í Borgarnesi af Ásgeiri Magnússyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Jóni Eggertssyni, sem tekið var til dóms 25. janúar sl.

Með ákæru, dags. 13. apríl 1983, var opinbert mál höfðað á hendur Jóni Eggertssyni, Skallagrímsgötu 1 í Borgarnesi, fæddum 21. nóvember 1926 á Þórshöfn, fyrir að hafa, frá því á þriðjudagsmorguninn 6. júlí 1982 til föstudagskvöldsins 9. sama mánaðar stundað silungsveiði í lagnet í sjó við sker norður af Litlu-Brákarey í Borgarnesi.

Telst þetta varða við reglur um silungsveiði í lagnet í sjó í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu nr. 454, 1980, sbr. 6. mgr. 14. gr., sbr. c lið 1. mgr. 97. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76, 1970.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til þess að þola upptöku netsins samkvæmt 100. gr. laga um lax- og silungsveiði og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### *Málavextir.*

Föstudaginn 9. júlí 1982 kom veiðieftirlitsmaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Rúnar Ragnarsson, að silunganeti, sem lá í lögn Jóns Eggertssonar, ákærða í máli þessu. Var lögn þessi út af skeri norður af Litlu-Brákarey í Borgarnesi og merkt nr. 9 á dskj. nr. III - 3. Reyndist netið vera 25 metra langt með 1¼“ möskva. Enginn fiskur var í netinu.

Er ákærði var yfirheyrður í sakadómi þ. 3. nóvember 1982 og 10. mars 1983, þá viðurkenndi hann að vera eigandi silunganetsins og kvaðst hann hafa stundað silungsveiðar á þessum stað ásamt bræðrum sínum allt frá árinu 1940, en lögnin muni hafa verið nýtt allt frá árinu 1918. Ákærði kveðst yfirleitt hefja veiðar sínar í byrjun maímánaðar og hætta þeim um mánaðamótin ágúst-september. Hann sagðist þó ávallt virða banntímann skv. 19. gr. l. nr. 76/1970. Vikuna, sem ákærði var kærður vegna veiðanna, sagðist hann hafa lagt net sitt rétt eftir kl. 10.00 þriðjudagsmorguninn 6. júlí og tekið það upp fyrir kl. 22.00 föstudagskvöldið 9. júlí.

Ákærði viðurkenndi að hafa vitað um ákvæði reglugerðarinnar nr. 454/1980, en hann hefði samt lagt net sitt, því hann teldi reglugerð þessa vera marklausa og ekki gildandi lög. Jafnframt sagði hann ljóst vera, að net sitt hefði alls ekki verið í sjó, heldur í Hvítá, þar sem ós Hvítár væri nú mun utar í firðinum en hann var ákvarðaður með yfirmatinu frá 1977, líklega um ½ milu fyrir utan Borgarnes, því allar forsendur fyrir ákvörðun á ós Hvítár hefðu breyst mjög mikið, frá því að Borgarfjarðarbrúin var byggð.

Vitnið Rúnar Ragnarsson, Skúlagötu 7, Borgarnesi, hefur og komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína.

Eftir að ákæra hafði verið gefin út í máli þessu, var Jón E. Ragnarsson hrl. skipaður verjandi í því þann 6. maí 1983 að ósk ákærða. Vegna annarra hliðstæðra mála, sem hann hafði og verið skipaður verjandi í og eins vegna veikinda verjandans fékk hann frest til að skila greinargerð í málinu til 20. júní 1983.

Vegna andláts Jóns E. Ragnarssonar hrl. og að ósk ákærða var Jón Oddsson hrl. síðar skipaður verjandi ákærða með bréfi, dags. 22. ágúst 1983. Skilaði hann skriflegri greinargerð í máli þessu þ. 25. janúar sl., og var málið þá tekið til dómsálagningar.

#### *Niðurstaða.*

Í 6. mgr. 4. gr. 1. nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði er ráðherra veitt heimild til að banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma að ósk veiðifélags eða veiðinotenda samkvæmt meðmælum sýslunefndar eða bæjarstjórnar, ef veiði er fyrir bæjarlandi. Með útgáfu reglna nr. 178/1977 ákvað ráðherra að nýta sér þessa heimild varðandi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að fenginni umsögn sýslunefnda beggja sýslanna og veiðifélaga Borgarfjarðar og Hvítár. Reglur þessar voru síðan endurútgefnar sem reglur nr. 454/1980 vegna vöntunar refsheimildar í reglurnar frá 1977.

Með framburði ákærða sjálfs svo og framburði veiðieftirlitsmanna hér fyrir dómi þykir vera nægilega sannað, að ákærði hafi á þeim tíma, sem í ákæru greinir, haft fyrrgreint lagnet til silungsveiða í lögnum sinni út af skeri norður af Litlu-Brákarey í Borgarnesi.

Af hálfu ákærða hefur því hins vegar verið haldið fram, að net hans hafi ekki legið í sjó, heldur í Hvítá, þar sem ós Hvítár sé í raun mun utar í firðinum, og að yfirmatsgerð varðandi ósamörkin frá 6. desember 1977 hafi enga þýðingu í þessu sambandi. Einnig hefur því verið haldið fram af hálfu ákærða, að fyrrgreindar reglur nr. 454/1980 hafi ekki verið settar með stjórnskipulegum hætti, því þær hafi ekki verið réttilega lagðar fyrir sýslunefndir, og jafnframt séu þær andstæðar 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Með fyrrgreindri yfirmatsgerð frá 6. desember 1977 og framkvæmd var skv. 94. gr. laga nr. 76/1970 að beiðni Sigþórs Þórarinnssonar, bónda í Einarsnesi, var ós Hvítár í sjó ákvarðaður svo: „----- úr kletti norðan Hvítár eftir línu, sem stefnir í Seleyrarodda og mörkuð er á uppdrátt Reynis Sigursteinssonar ráðunauts eftir fyrrsögn yfirmatsmanna,“ sbr. dskj. nr. III - 4. Mat á því, hvar ós Hvítár sé í skilningi 1. gr. laga nr. 76/1970, hefur ekki farið fram frá því fyrrgreind yfirmatsgerð var framkvæmd. Ekkert hefur heldur komið fram um, að niðurstaða mats þessa eigi ekki við rök að styðjast eða að ranglega hafi verið staðið að því á einhvern máta. Þykir og ekki skipta máli í því sambandi, þó að ákærða hafi ekki verið gefinn kostur á að gæta réttar síns, þegar yfirmatsgerðin fór fram, því telja verður, að afmörkun óss í sjó lúti algjörlega hlutlægum réttarreglum, en á engan hátt ráðstöfunarrétti veiðieigenda. Þykir því hér verða við það að miða, að yfirmat þetta sé ákvarðandi um það, hvar ós Hvítár sé í skilningi lax- og silungsveiðilaga.

Svo sem fyrr greinir, lá net ákærða í lögn út af skeri norður af Litlu-Brákarey í Borgarnesi. Samkvæmt því er ljóst, að net ákærða hefur verið alllangt neðan ósa Hvítár, svo sem þeir voru ákvarðaðir með yfirmatinu frá 1977, sbr. yfirlitskort á dskj. nr. III - 3, III - 4 og nr. XII. Samkvæmt framansögðu sýnist ljóst, að net ákærða hafi legið í sjó og að veiðar ákærða hafi því fallið undir reglur nr. 454/1980.

Fram er komið í máli þessu, að sýslunefndir bæði Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hafa staðfest það, að hinar endurútgefnu reglur nr. 454/1980 séu í fullu samræmi við fyrri samþykktir nefndanna, sem gerðar voru í tilefni setningar reglna nr. 178/1977, sem voru þeim efnislega samhljóða. Jafnframt óska sýslunefndirnar eftir því, að reglum þessum verði framfylgt.

Að þessu athuguðu þykir verða að líta svo á, að ákvæðið um takmörkun á veiðitíma göngusilungs í lagnet í sjó, sem fram kemur í 4. gr. reglna nr. 454/1980 og telja verður almenna friðunaraðgerð, eigi sér ótvíræða stoð í 6. mgr. 14. gr. 1. nr. 76/1970 og að við setningu reglnanna hafi öllum lagaskilyrðum verið fullnægt. Með hliðsjón af þessu verður og ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar eigi talið standa í vegi fyrir beitingu reglna nr. 454/1980 sem refsheimildar, enda kemur hér ekki til athugunar, hvort ákærði eigi einhvern rétt til bóta vegna setningar þeirra.

Samkvæmt öllu framansögðu þykir því nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot það, er í ákæru greinir. Varðar þetta atferli hans við 4., sbr. 5. gr. reglna nr. 454/1980, og þykir ákærði með því hafa unnið til refsingar, er þykir hæfilega ákveðin 7.000 króna sekt, er renni til ríkissjóðs.

Ákærði hefur ekki gerst brotlegur við landslög, svo kunnugt sé. Hefur hann játað verknað sinn fúslega og virðist hafa litið svo á að lagning neta

sinna væri ekki lögbrot. Að þessu athuguðu þykir mega skilorðsbinda refsinguna, og skal hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppsögu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rjúfi ákærði aftur á móti skilorðið, afplánast sektin með 10 daga varðhaldsvist, greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá því honum er tilkynnt, að refsingu verði fullnægt.

Samkvæmt framansögðu skal net það og annar veiðibúnaður, sem ákærði notaði til veiðanna, upptækt gert til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.-, sem ákvarðast með hliðsjón af því, að mál þetta er eitt af 7 ákærumálum, sem telja verður mjög hliðstæð og varnir verjanda því eins upp byggðar. Jafnframt ákvarðast málsvarnarlaun að upphæð kr. 1.500.- til dánarbús Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, sem í upphafi var skipaður verjandi ákærða.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Eggertsson, greiði krónur 7.000.- í sekt til ríkissjóðs, en fresta skal fullnustu refsingar og falli hún niður eftir 2 ár frá uppsögu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rjúfi hann skilorðið afplánast sektin með 10 daga varðhaldi, greiðist hún ekki innan 4ra vikna, frá því honum er tilkynnt, að refsing verði framkvæmd.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., kr. 5.000.-, og málsvarnarlaun að upphæð kr. 1.500.- til dánarbús Jóns E. Ragnarssonar hrl.

Upptækt til ríkissjóðs skal vera net það og annar veiðiútbúnaður, sem ákærði notaði við veiðarnar norður af Litlu-Brákarey þ. 6/7 - 9/7 1982.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.